



Fundur háskólaráðs 29. janúar 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 21.01.2004
Dags: 29.01.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

01/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 29. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00. Áður en gengið var til dagskrár bauð rektor Matthías Pál Imsland, nýjan fulltrúa þjóðlífs í háskólaráði, velkominn.

Mættir voru: Páll Skúlason, Anna Soffía Hauksdóttir, Hjalti Hugason, Þórður Harðarson, Matthías Páll Imsland, Davíð Gunnarsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Þorsteinn Loftsson, Stefán Svavarsson og María Guðmundsdóttir.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram bréf menntamálaráðherra, dags. 18. desember 2003, þar sem erindi Háskólans, dags. 9. október 2003, um endurskoðun ákvæða laga nr. 41/1999 um dómnefndir og fleiri þætti ráðningarmála er hafnað.
- 1.2 Lagt fram yfirlit yfir fundi og viðburði á vormisseri 2004.
- 1.3 Lagðar fram reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, 3. útg., desember 2003.
- 1.4 Lagðir fram tveir samningar H.Í., H.A., KHÍ og THÍ: Samningur um lög-fræði-þjónustu og samningur um kennaraskipti, ásamt reglum um kennaraskiptin.
- 1.5 Lagt fram bréf akademískrar stjórnslu til menntamálaráðuneytis um próftökugjald vegna inntökuprófs í læknadeild, dags. 5. janúar 2004.
- 1.6 Lagt fram álit umboðsmanns Alþingis um próftökugjald vegna inntökuprófs í læknadeild, dags. 31. desember 2003.
- 1.7 Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 26. nóvember 2003, vegna vinnu að lagasetningu um aðgengi að opinberum upplýsingum. Fyrir fundinum lágu drög að umsögn Háskólans, sem gengið verður frá á næsta fundi.
- 1.8 Lögð fram drög að verkefnaáætlun fyrir árin 2004-2006, dags. 17. desember 2003, frá starfshópi um umhverfisstefnu H.Í. Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs, var falið að fara yfir verkefnaáætlunina m.t.t. þeirra tillagna sem þar koma fram og kostnaði sem af þeim hlýst.
- 1.9 Úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskólans vegna vormisseris 2004.
- 1.10 Úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskólans fyrir árið 2004.
- 1.11 Lagt fram bréf Stefáns B. Sigurðssonar, forseta læknadeildar, dags. 21. janúar 2004. Í bréfinu kemur fram bókun deildarráðs læknadeildar frá 7. janúar sl.
- 1.12 Lögð fram skýrsla jafnréttisnefndar Háskólans.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Umsögn læknadeildar um bréf læknanema, dags. 5. nóvember 2003, ásamt minnisblaði akademískrar stjórnýslu, sbr. fund ráðsins 6. nóvember 2003. Einnig erindi frá nemendum 3ja árs í læknisfræði, dags. 16. janúar 2004, vegna breytinga á námi í læknadeild. Með fylgir bréf frá akademískri stjórnýslu til læknadeildar dags. 21. janúar 2004.
- Málið var rætt. Frestað.
- 2.2 Drög að úrskurði háskólaráðs vegna ákvörðunar lagadeildar varðandi próftökurétt í kjörgreinum, sbr. fund ráðsins 18. desember sl.
- Frestað.
- 2.3 Skipun og erindisbréf markaðs- og samskiptanefndar háskólaráðs.
- Frestað.
- 2.4 Tillaga heimspekideildar, dags. 8. janúar 2004, að breytingu á nafni deildarinnar, sbr. samþykkt deildarfundar 25. apríl 2003 og fund deildarráðs 6. janúar 2004.
- Málið var rætt og óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir tillögunni.
- 2.5 Kjör fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn RHnets.
Eftirtalin verði fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn Rannsókn- og háskólanets Íslands hf.
Aðalmenn: Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri,
Sæþór Jónsson, forstöðumaður RHÍ,
Ebba Þóra Hvannberg, dósent.
Varamenn: Jón Torfi Jónasson, prófessor,
Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor,
Helgi Þorbergsson, dósent.
- Samþykkt samhljóða.
- 2.6 Kjör varaformanns Siðanefndar Háskólans.
- Samþykkt einróma að Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í raunvísindadeild, verði varaformaður Siðanefndar Háskólans.
- 2.7 Skipun stjórnar Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.
Tilnefningar háskólaráðs: Valur Ingimundarson,
Þorgerður Einarsdóttir.
Til vara: Rannveig Traustadóttir,
Rósa Erlingsdóttir.
Tilnefningar fræðasviða: Dagný Kristjánsdóttir, hugvísindasvið,
Ólöf Ásta Ólafsdóttir, heilbrigðisvísindasvið,
Magnfríður Júlíusdóttir, raunvísindasvið,
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, félagsvísindasvið.
- Samþykkt samhljóða.
- 2.8 Drög að skipulagsskrá fyrir Sjóð Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli, desember 2003.
- Samþykkt einróma.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Viðhalds- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2004.
Rektor og Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, gerðu rækilega grein fyrir framlögðum drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2004, dags. 16. janúar 2004. Málið var rætt og m.a. vikið að Háskólasjóði Eimskips.
- Frestað til næsta fundar.
- 3.2 Tillaga að erindisbréfi samráðsnefndar um kjaramál, sbr. fund ráðsins 27. nóvember 2003.
- Samþykkt einróma.
- 3.3 Málefni sendikennara, sbr. fund ráðsins 4. desember 2003.
Rektor gerði grein fyrir málinu. Í máli rektors kom m.a. fram að stefnumótun í málefnum sendikennara er ólokið, en dönsk stjórnvöld hafa óskað eftir því að danskir sendikennarar fái formlega stöðu kennara við Háskóla Íslands.
- Frestað til næsta fundar.
- 3.4 Drög að umsögn um tvö lagafrumvörp, sbr. bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 1. desember 2003. Frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum.
Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og gerði vandlega grein fyrir lagafrumvörpunum og umsögn Háskóla Íslands um þau.
- Fyrirliggjandi drög að umsögn Háskóla Íslands samþykkt einróma.

4. Önnur mál

- 4.1 Fyrirkomulag og framkvæmd skriflegra prófa.
Rektor gerði að umtalsefni fyrirkomulag og kostnað við prófahald í Háskólanum. Lagði rektor til að fulltrúar fræðasviða í háskólaráði myndi starfshóp ásamt prófstjóra Háskólans, til að fara yfir málið og gera um það tillögu til háskólaráðs.
- Samþykkt einróma.
- 4.2 Rætt var um deilur háskólamanna í fjölmiðlum að undanfögnu.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.40